



Gönguleið í náttúrunni í Elliðaárdal

LEIÐ IS 1

Kynning á leiðinni

Elliðaárdalur er vinsælasta útivistarsvæði Reykjavíkur og stærsta græna svæðið í borginni. Dalurinn býður upp á fjölbreytt umhverfi hvað varðar landslag, jarðfræði, fugla, fisk og gróður, en Elliðaárarnar eru þó þungamiðja svæðisins. Í dalinn leitar fjöldi fólks allt árið, sérstaklega úr hverfunum í nágrenninu. Í norðurjaðri dalsins er Árbæjarsafn, sem er byggðasafn Reykjavíkur, staðsett á býlinu Árbæ, þar sem var rekin gisti og veitingaþjónusta um aldir, fyrir bændur, sem voru að reka kvikfé til Reykjavíkur til slátrunar, ásamt því að selja aðrar afurðir.



Þetta verkefni er unnið með styrk frá Erasmus+, samstarfsáætlun ESB

VÖRÐUR

Elliðaárstöð og skógarstígar.....	3
Skógrækt og gróður	3
Brú yfir syðri kvíslina og vistvænn jarðhiti	3
Stífla, lón, lax og fuglar	4
Árbæjarsafn	4
Árbær og torfkirkjan	5
Gamla þjóðleiðin til Reykjavíkur	5
Lok göngunnar	5

Varða 1

Elliðaárstöð og skógarstígar



Gangan byrjar við Elliðaárvirkjun sem var vígð 1921 af Kristjáni tíunda, þá konungi Íslands og Danmörku, Virkjunin framleiddi 1 MW í fyrstu, en var stækkuð í tveimur áföngum upp í 3 MW af umhverfisvænu rafmagni á fyrstu 15 árunum, með viðbótar vélbúnaði og miðlunarloni í Elliðavatni, um 4 km ofar með ánni. Virkjunin var starfrækt nærri heila öld. Gengið í átt að vörðu 1. Við göngum inn á milli húsa gömlu Rafmagnsveitu Rvk. suður að ánni og beygjum til vinstri upp með ánni eftir göngustíg og komum fljótlega að eins km langri tyrfðri þrýstipípu (vinstra megin), sem flutti vatnið frá Árbæjarstíflu að stöðvarhúsinu. Eftir nokkur hundruð metra komum við að trébrú (stopp 2) suður yfir ána, þar sem við getum hlustað á niðinn í ánni, fuglasöng og jafnvel séð laxinn ganga upp ána með sporðaköstum í júní og júlí. Framundan er skógi vaxinn dalbotninn.

Varða 2

Skógrækt og gróður



Sagt er að álfar og dvergjar búi í Elliðaárdalnum. Erla heitin Stefánsdóttir sjáandi gerði kort af álfa- og dvergabyggðinni (Sjá myndir af korti af álfabyggðinni við vörðu 1). Við göngum svo suður yfir árhólmann, gegnum 60 ára gamlan skóginn, sem starfsmenn Rafmagnsveitu Rvk gróðursettu og á göngubrú yfir syðri kvísl Elliðaáanna. Árhólminn milli kvíslanna er löng hrauneyja, gerður af 5 þúsund ára gömlu hrauni, Leitarhrauni, sem kom upp á vatnaskilum Reykjanesskagans nokkrum km vestan við Þrengslavegin. Þetta hraun rann einnig niður undir Ölfusárós við Hraun í Ölfusi. Elliðaáarnar renna í tveimur kvíslum, sitt hvoru megin við hrauntauminn í dalbotninum.

Varða 3

Brú yfir syðri kvíslina og vistvænn jarðhiti



Af göngubrúnni (varða 3) sjáum við rauð smáhýsi á suðurbakkanum sem byggð er yfir dælustöðvar Orkuveitunnar sem dæla upp 90 gráða heitu jarðhitavatni upp úr allt að 2,3 km djúpum holum, sem boraðar voru eftir 1967 og eru 8 þeirra nýttar. Hér eru framleidd 15 MW, eða 5% af jarðhitapörf höfuðborgarsvæðisins. Þetta vatn fer beint inn í hitaveitukerfið. Við göngum nú upp með suðurbakka vesturkvíslarinnar og komum brátt að hæsta fossi í ánum, Kermóafossi, þar sem áin fellur ofan af syðri hraunjaðrinum. Þetta er hið fræga „Indjánagil“, þar sem margar kynslóðir Árbæjar- og Breiðholtsbarna hafa leikið sér á sumrin. Þar fyrir ofan er Höfðabakkabrúin, þar sem þung umferðin brunar þvert yfir dalinn vel fyrir ofan dalbotninn. Skömmu ofar komum við að suðurenda Árbæjarstíflu,



sem er stórt steypumannvirki, byggt á 3ja áratug 20. aldar og myndaði inntakslón Elliðaárvirkjunar (varða 4).

Varða 4

Stífla, lón, lax og fuglar



Stóran hluta ársins er uppistöðulóninu skipt í tvennt, langsum eftir árhólmanum í miðjunni. Sunnan hólman er ekkert lón á sumrin, þar sem meiri hluti ána rennur út í gegnum botnrás stíflunnar, þannig að laxinn geti gengið óhindrað upp í efri hluta ána allt upp að stíflunni við Elliðavatn. Við göngum nú eftir göngubrú ofan á Árbæjarstíflunni að norðurenda stíflunnar, þar sem vatnsborð lónsins er í nær fullri hæð og flesta daga er hægt að virða fyrir sér fjölda sundfugla; endur, gæsir og álfir. Sumir þeirra verpa í hólmanum austans lónsins. Árbæjarstífla virkar sem langt yfirfall þegar leysingarflóð er í Elliðaánum. Við norðurenda stíflunnar eru inntakslokur, sem hleypa vatni inn í tæplega þriggja metra víðar þrýstivatnspípunar, sem eru að mestu niðurgrafnar og liggja niður að stöðvarhúsinu (sjá vörðu 1). Við göngum eftir stíg meðfram Höfðabakka nokkur hundruð metra að undirgöngum vestur undir götuna yfir að innganginum að Árbæjarsafninu (vörðu 5), en hann er nákvæmlega þar sem gamla þjóðleiðin inn í Reykjavík lá fram yfir aldamótin 1900, leiðin kom að austan; fyrir sunnan Rauðavatn nákvæmlega eftir götunni Rofabæ í Árbæjarhverfi og framhá innganginum í safnið og vestur meðfram túngarðinum ofan við Árbæjarkirkju (vörðu 6), og síðan fram vestur sunnan við Ártúnsskóla og niður Reiðskarð að vörðu 1, þar sem gangan byrjaði.

Varða 5

Árbæjarsafn



Árbæjarsafn er útisafn sem er opið allan ársins hring. Þar er safn gamalla húsa sem flest hafa verið flutt á safnasvæðið úr miðbæ Reykjavíkur. Svæðið skiptist í torg, þorp og sveitabæ með kirkju og gefur góða mynd af umhverfi og bæjarbrag í Reykjavík frá 19. til snemma á 20. öld (www.borgarsogusafn.is).

Varða 6

Árbær og torfkirkjan



Árbæjar er fyrst getið í heimildum frá 15 öld. Núverandi bæjarhús eru frá aldamótunum 1900. Búskapur lagðist af í Árbæ árið 1948. Hægt er að skoða bæinn (www.borgarsogusafn.is). Safnakirkjan í Árbæjarsafni var upphaflega reist á Silfrastöðum í Skagafirði árið 1842 en endurbyggð sem baðstofa um 1900. Kirkjan hefur staðið á safninu síðan 1961 (www.borgarsogusafn.is).

Varða 7

Gamla þjóðleiðin til Reykjavíkur



Við göngum nú út úr safninu og snúum til vesturs, meðfram girðingunni umhverfis safnið eftir malbikuðum stíg, sem liggur fyrir sunnan Ártúnsskóla, alla leið niður að stöðvarhúsi Elliðaárvirkjunnar. Stígurinn liggur áfram niður frekar bratt skarð, Reiðskarð (varða 7), sem vísar í gamlan ferðamáta þegar menn riðu á hestum til þorpsins Reykjavíkur.

Varða 8

Lok göngunnar



Rétt fyrir neðan Reiðskarð göngum við framhjá heimili og vinnustofu eins þekktasta listmálara landsins af yngri kynslóðinni, Georgs Guðna heitins, sem dó úr hjartaslagi aðeins 50 ára gamall. Hann var þekktur fyrir heillandi og dularfullar landslagsmyndir oft af algerlega flötu landi í mistri. Þessi verk hans finnast í listasöfnum víða um lönd. Gangan endar eftir um 200 metra á bílastæði gegnt stöðvarhúsi Elliðaárvirkjunar (varða 1).